

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga
nr. 159 20. sept. 1962.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Frestur til uppsagnar kjarasamnings og framlagningar tillagna um nýjan samning framlengist til 1. júlí 1965.
2. Frestur sáttasemjara ríkisins samkvæmt 2. mgr. 11. gr. til að taka kjaradeilu til meðferðar framlengist til 15. september 1965.
3. Frestur aðila samkvæmt 1. mgr. 13. gr. til að senda Kjaradómi greinargerðir, framlengist til 15. október 1965.
4. Frestur Kjaradóms samkvæmt síðara málslið 14. gr., til að leggja dóm á ágreiningsfni framlengist til 15. desember 1965.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1965.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

7. maí 1965.

Nr. 108.

SAMÞYKKT

um breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Kópavogskaupstað
nr. 16 frá 15. febrúar 1958.

1. gr.

Í XIV. kafla komi ný grein er verði 81. gr. svo hljóðandi:

81. gr.

Þrátt fyrir ákvæði þau, sem að framan greinir um verzlunarhúsnæði, getur heilbrigðisnefnd leyft vörusölu úr ökutækjum að fullnægðum eftirgreindum skilyrðum:

- 1) Leyfið veitist til eins árs í senn.
- 2) Aðeins má geyma og selja innpakkaða vöru í söluökutæki. Umbúnaði og geymslu á varningi óskyldum neytluvörum skal jafnan hagað þannig, að hann spilli ekki neytluvörunum.

Daunillar eða óþrifalegar vörutegundir má ekki selja í ökutækinu.

- 3) Rými fyrir matvæli skal vera hentugt og fullnægja sanngjörnum hreinlætiskröfum. Í því sambandi skal sérstaklega tekið fram eftirfarandi: veggir, loft, gólf og skilrúm, ef einhver eru, skulu vera áferðarslétt svo hreingerning sé auðveld og klædd ryðfríum plötum eða öðru jafnhentugu efni, sem raki kemst ekki í gegnum, og skal flöturinn vera í ljósum lit. Dyr og op skulu vera með þéttlistum til varnar ryki. Þar sem loftræstingarútbúnaður er, skal vera loft-sía, sem skipta má um og þannig gengið frá, að yfirþrýstingur sé í matvæla-rýminu.